



ÍSí úthlutar afreksstyrkjum – Stórt íþróttarár framundan

Framkvæmdastjórn Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands samþykkti, fimmtudaginn 22. janúar 2015, tillögur stjórnar Afrekssjóðs ÍSí að úthlutun fyrir árið 2015. Styrkveitingar ÍSí að þessu sinni nema samtals rúmlega 122 milljónum króna

Til Afrekssjóðs ÍSí bárust umsóknir frá 26 sérsamböndum og einni íþróttanefnd ÍSí. Hljóta öll þessi sambönd styrk og er það vegna 36 landsliðsverkefna, 21 liða og vegna verkefna 52 einstaklinga. Sótt var um styrki til sjóðsins vegna verkefna 97 einstaklinga og er aðeins hluti þeirra verkefna styrktur að þessu sinni.

Rétt er að leggja áherslu á að það eru sérsambönd sem hljóta styrki vegna verkefna tilgreindra íþróttamanna, en ekki íþróttamennirnir sjálfir. Flokkun í A, B og C flokka er hugsuð til að skapa ákveðið viðmið varðandi upphæðir og þjónustu.

Á Íþróttáþingi 2013 var ákveðið að fella niður Styrktarsjóð ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna og sameina hann Afrekssjóði ÍSí. Sú sameining átti sér stað fyrir ári síðan og er nú verið að úthluta í annað sinn úr sameinuðum Afrekssjóði ÍSí.

Þrátt fyrir að úthlutað sé að þessu sinni rúmlega 122 milljónum króna, sem er hækkun frá styrkjum undanfarinna ára (undantekning þó árið 2012), er enn töluvert í að styrkir ÍSí standi undir öllu afreksstarfi sérsambandanna.

Þegar skoðaðar eru umsóknir sérsambandanna til Afrekssjóðs ÍSí, sést eftirfarandi:

- Kostnaðaráætlanir þeirra 27 sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí sem sóttu um styrk vegna íþróttamanna, liða og verkefna til Afrekssjóðs ÍSí 2015 nema rúmlega 1.034 m.kr. og hafa þessar tölur aldrei áður verið svona háar.
- Framlag Afrekssjóðs ÍSí til sérsambanda/íþróttanefnda ÍSí er kr. 122.310.000 og nemur um 11,8% af kostnaðaráætlun þeirra vegna þessara verkefna. Þess ber að geta að ekki er sótt um styrk vegna allra landsliðsverkefna sambanda.
- Þetta hlutfall af kostnaðaráætlunum er hærra en á síðustu árum, miðað við stöðu umsókna í byrjun árs. Þannig var hlutfall styrkja 10,3% í upphafi ársins 2014 og endaði í 11,9% með þeim viðbótarúthlutunum sem áttu sér stað síðar á árinu.

Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSí fyrir árið 2015 helst óbreytt frá 2014 og er 70 m.kr. Árið 2013 var þessi upphæð 55 m.kr. og árið 2012 var framlag ríkisins 34,7 m.kr. auk þess sem að styrk vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í London að upphæð 25 m.kr. var úthlutað til sérsambanda ÍSí í gegnum Afrekssjóð ÍSí. Afrekssjóður ÍSí er annars fjármagnaður með hlutdeild úr tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri Getspá samkvæmt ákvörðun Íþróttáþings ÍSí.



Styrkupp hæðir A, B og C styrkja, sem sérsamband hlýtur vegna einstaklinga voru hækkaðar á árinu 2013. Þannig fór A-styrkur úr kr. 160 þúsund á mánuði í kr. 200 þúsund á mánuði, B-styrkur úr kr. 80 þúsund í kr. 120 þúsund á mánuði og C-styrkur úr kr. 40 þúsund í kr. 60 þúsund á mánuði. Það ber að ítreka að styrkir sjóðsins til sérsambanda vegna verkefna íþróttamanna eru fyrst og fremst vegna kostnaðar við þátttöku í mótum og keppnum og undirbúnings vegna þeirra.

Fyrir árið 2015 eru örlitlar breytingar á listum þeirra sem eru metnir með A, B og C viðmið, þ.e. núna eru 9 eru metnir til A-styrks, 1 til B-styrks og 6 til C-styrks.

Sjóðsstjórnin leggur áfram áherslu á að efla þjónustu fagteymis og fræðslu fyrir íþróttamenn sérsambanda. Þannig munu sérsamböndum verða gert kleift að sækja sérstaklega um styrk til sjóðsins vegna verkefna sem snúa að fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum frá skilgreindu fagteymi sérsambands eða ÍSÍ. Afrekssjóður mun einnig styrkja þjónustubætti vegna þeirra íþróttamanna sem skilgreindir eru á A, B og C styrkjum sjóðsins.

Í reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ er fjallað um kröfur um afrekssstefnur sérsambanda. Þannig er lögð áhersla á að öll sérsambönd móti sér stefnu í afrekssíþróttum sem hljóti umfjöllun og samþykki á sérsambandsþingi eða formannafundi sérsambands. Flest sérsambönd hafa mótað sér slíka stefnu og/eða eru að vinna að henni og endurbótum á núverandi stefnu. Sérsambönd hafa þannig skilað inn áætlun um frekari vinnu við stefnumótun sambandsins og eru styrkveitingar ársins tengdar þeirri vinnu.

Á árinu eru margir stórvíðburðir á dagskrá eins og HM í handknattleik karla og EM í körfuknattleik karla. Smáþjóðaleikar fara fram á Íslandi í byrjun júní og fyrstu Evrópuleikarnir fara fram í Baku, í Azerbaidjan síðar í þeim mánuði. Þá styttist í Ólympíuleika 2016 í Ríó og árið framundan er mjög mikilvægt keppendum í íþróttagreinum þar sem lágmörk og staða á heimslista ræður því hverjir vinna sér inn keppnisrétt á leikana.

Búast má við að frekari styrkjum verði úthlutað á árinu 2015 og mun stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ fylgjast náið með framvindu og árangri á árinu.

Úthlutun sjóðsins kynntu Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Örn Andrésen formaður Afrekssjóðs ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.



Styrkveitingar 2015

Afrekssjóður ÍSí

Blaksamband Íslands (BLÍ)

- A landslið karla	kr.	300.000,-
- A landslið kvenna	kr.	300.000,-
- Strandblak, (Elísabet Einarsdóttir og Berglind Gígja Jónsdóttir)	kr.	300.000,-
- U17 lið karla og kvenna	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.200.000,-

Badmintonsamband Íslands (BSÍ)

- Landsliðsverkefni, EM	kr.	1.200.000,-
- Margrét Jóhannsdóttir	kr.	300.000,-
- Kári Gunnarsson	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.800.000,-

Borðtennissamband Íslands (BTÍ)

- Landsliðsverkefni, EM og HM	kr.	400.000,-
Alls	kr.	400.000,-

Dansípróttasamband Íslands (DSÍ)

- Landsliðsverkefni, HM, EM o.fl.	kr.	1.100.000,-
Alls	kr.	1.100.000,-

Frjálsípróttasamband Íslands (FRÍ)

- Landsliðsverkefni	kr.	2.750.000,-
- Aníta Hinriksdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Ásdís Hjálmsdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Guðmundur Sverrisson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Hafdís Sigurðardóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Kári Steinn Karlsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Sindri Hrafn Guðmundsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Óðinn Björn Þorsteinsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Hilmar Örn Jónsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Verkefnastjóri afreksmála	kr.	1.200.000,-
- Fagteymi	kr.	200.000,-
Alls	kr.	11.590.000,-



Fimleikasamband Íslands (FSÍ)

- Valgarð Reinhardsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Norma Dögg Róbertsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Eyþór Örn Baldursson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Nanna Guðmundsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Landsliðsverkefni í áhaldafimleikum, NM, EM, HM o.fl.	kr.	2.500.000,-
- Landsliðsverkefni í hópfimleikum	kr.	1.500.000,-
Alls	kr.	5.000.000,-

Golfsamband Íslands (GSÍ)

- Landsliðs Íslands vegna HM og EM	kr.	3.500.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	500.000,-
- Gísli Sveinbergsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Ragnhildur Kristinsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Fannar Steingrímsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
Alls	kr.	4.600.000,-

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ)

- A-landslið karla	kr.	16.000.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	5.500.000,-
- U19 piltar	kr.	1.000.000,-
- U21 karla	kr.	500.000,-
- U19 kvenna	kr.	500.000,-
- U17 stúlkna	kr.	500.000,-
- U17 drengja	kr.	1.000.000,-
Alls	kr.	25.000.000,-

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF)

- Helgi Sveinsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Jón Margeir Sverrisson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Thelma Björg Björnsdóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Kolbrún Alda Stefánsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Jóhann Þór Hólmgrímsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni í frjálsíþróttum	kr.	800.000,-
- Landsliðsverkefni í sundi	kr.	800.000,-
Alls	kr.	8.020.000,-

Íshökkísamband Íslands (ÍHÍ)

- A-landslið karla vegna HM 2015	kr.	800.000,-
- U18 landslið karla vegna HM 2015	kr.	300.000,-
- A-landslið kvenna vegna HM 2015	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.400.000,-



Skautasamband Íslands (ÍSS)

- Landsliðsverkefni	kr.	500.000,-
Alls	kr.	500.000,-

Júðósamband Íslands (JSÍ)

- Þormóður Árni Jónsson / B-styrkur	kr.	1.440.000,-
- Adrian Sölvi Ingimundarson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni	kr.	1.200.000,-
Alls	kr.	2.940.000,-

Karatesamband Íslands (KAÍ)

- Landslið fullorðinna í kata og kumite	kr.	800.000,-
- Telma Rut Frímansdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
Alls	kr.	1.100.000,-

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ)

- A-landslið karla	kr.	12.000.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	1.000.000,-
- U18 stúlkna	kr.	500.000,-
- U18 drengja	kr.	500.000,-
- U16 drengja	kr.	500.000,-
- U16 stúlkna	kr.	500.000,-
Alls	kr.	15.000.000,-

Keilusamband Íslands (KLÍ)

- A-landslið karla	kr.	300.000,-
- A-landslið kvenna	kr.	300.000,-
- Ungmennalandslið	kr.	150.000,-
- Unglingalandslið	kr.	150.000,-
Alls	kr.	900.000,-

Kraftlyftingasamband Íslands (KRA)

- Auðunn Jónsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Júlían Jóhann Karl Jóhannsson / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Sigfús Þorgeir Fossdal / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Fanney Hauksdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Viktor Samúelsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Aron Lee Du Teitsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- María Guðsteinsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Viktor Ben Gestsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni, EM og HM	kr.	500.000,-
Alls	kr.	5.420.000,-

Knattspyrnusamband Íslands (KSÍ)

- A-landslið kvenna	kr.	7.500.000,-
- U17 kvenna	kr.	500.000,-
Alls	kr.	8.000.000,-



Landssamband hestamannafélaga (LH)

- Landsliðsverkefni, HM 2015	kr.	1.500.000,-
Alls	kr.	1.500.000,-

Lyftingasamband Íslands (LSÍ)

- Anna Hulda Ólafsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Lilja Lind Helgadóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
- Guðmundur Högni Hilmarsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	200.000,-
Alls	kr.	700.000,-

Siglingasamband Íslands (SÍL)

- Landsliðsverkefni	kr.	500.000,-
Alls	kr.	500.000,-

Skíðasamband Íslands (SKÍ)

- Landsliðsverkefni - Alpagreinar	kr.	3.500.000,-
- Landsliðsverkefni - Skíðaganga	kr.	800.000,-
- Helga María Vilhjálmsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Sævar Birgisson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Einar Kristinn Kristgeirsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
Alls	kr.	5.200.000,-

Skylmingasamband Íslands (SKY)

- Þorbjörg Ágústsdóttir / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Kvennalandslið	kr.	500.000,-
- U-20/U-17 landsliðsverkefni,	kr.	300.000,-
- Karlalandslið	kr.	500.000,-
Alls	kr.	2.020.000,-

Sundsamband Íslands (SSÍ)

- Landsliðsverkefni	kr.	2.500.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni	kr.	500.000,-
- Anton Sveinn McKee / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Eygló Ósk Gústafsdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Hrafnhildur Lúthersdóttir / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Inga Elín Cryer / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Kristinn Þórarinsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Verkefnastjóri afreksmála	kr.	1.200.000,-
Alls	kr.	12.000.000,-

Skotíþróttasamband Íslands (STÍ)

- Ásgeir Sigurgeirsson / A-styrkur	kr.	2.400.000,-
- Hákon Þ. Svavarsson / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni í haglabyssu	kr.	500.000,-
- Landsliðsverkefni í loftbyssu	kr.	500.000,-
Alls	kr.	3.700.000,-



Taekwondósamband Íslands (TKÍ)

- Meisam Rafiei / C-styrkur	kr.	720.000,-
- Ástrós Brynjarsdóttir / Eingreiðslustyrkur	kr.	300.000,-
- Landsliðsverkefni – Poomsae landslið	kr.	500.000,-
- Landsliðsverkefni – Kyrogi landslið	kr.	500.000,-
Alls	kr.	2.020.000,-

Tennissamband Íslands (TSÍ)

- Landslið karla vegna Davis cup	kr.	200.000,-
- Unglingalandsliðsverkefni erlendis	kr.	200.000,-
Alls	kr.	400.000,-

ÍSí v/ Bogfiminefndar ÍSí

- Karlalandslið Íslands í bogfimi	kr.	300.000,-
Alls	kr.	300.000,-

Heildarúthlutun kr. **122.310.000,-**



Afrekssjóður ÍSÍ 2015 - Styrkir til sérsambanda vegna einstaklinga

Nafn	Flokkur	Fæðingarár	Sérsamband
Aníta Hinriksdóttir	A	1996	FRÍ
Anton Sveinn Mckee	A	1993	SSÍ
Ásdís Hjálmsdóttir	A	1985	FRÍ
Ásgeir Sigurgeirsson	A	1985	STÍ
Auðunn Jónsson	A	1972	KRA
Eygló Ósk Gústafsdóttir	A	1995	SSÍ
Helgi Sveinsson	A	1979	ÍF
Hrafnhildur Lúthersdóttir	A	1991	SSÍ
Jón Margeir Sverrisson	A	1992	ÍF
Þormóður Árni Jónsson	B	1983	JSÍ
Guðmundur Sverrisson	C	1990	FRÍ
Hafdís Sigurðardóttir	C	1987	FRÍ
Júlían J. K. Jóhannsson	C	1993	KRA
Meisam Rafiei	C	1986	TKÍ
Thelma Björg Björnsdóttir	C	1996	ÍF
Þorbjörg Ágústsdóttir	C	1981	SKY
Adrian Sölvi Ingimundarson	E	1997	JSÍ
Anna Hulda Ólafsdóttir	E	1985	LSÍ
Aron Lee Du Teitsson	E	1987	KRA
Ástrós Brynjarsdóttir	E	1999	TKÍ
Einar Kristinn Kristgeirsson	E	1994	SKÍ
Eyþór Örn Baldursson	E	1997	FSÍ
Fannar Steingrímsson	E	1998	GSÍ
Fanney Hauksdóttir	E	1992	KRA
Gísli Sveinbergsson	E	1997	GSÍ
Guðmundur Högni Hilmarsson	E	1996	LSÍ
Hákon Þ. Svavarsson	E	1978	STÍ
Helga María Vilhjálmisdóttir	E	1995	SKÍ
Hilmar Örn Jónsson	E	1996	FRÍ
Inga Elín Cryer	E	1993	SSÍ
Jóhann Þór Hólmgrímsson	E	1993	ÍF
Kári Gunnarsson	E	1991	BSÍ
Kári Steinn Karlsson	E	1986	FRÍ
Kolbrún Alda Stefánsdóttir	E	1997	ÍF
Kristinn Þórarinsson	E	1996	SSÍ



Lilja Lind Helgadóttir	E	1996	LSÍ
Margrét Jóhannsdóttir	E	1995	BSÍ
María Guðsteinsdóttir	E	1970	KRA
Matthildur Ylfa Þorsteinsdóttir	E	1997	ÍF
Nanna Guðmundsdóttir	E	2000	FSÍ
Norma Dögg Róbertsdóttir	E	1996	FSÍ
Óðinn Björn Þorsteinsson	E	1981	FRÍ
Ragnhildur Kristinsdóttir	E	1997	GSÍ
Sævar Birgisson	E	1988	SKÍ
Sigfús Þorgeir Fossdal	E	1983	KRA
Sindri Hrafn Guðmundsson	E	1995	FRÍ
Telma Rut Frímansdóttir	E	1992	KAÍ
Valgarð Reinhardsson	E	1996	FSÍ
Viktor Ben Gestsson	E	1996	KRA
Viktor Samúelsson	E	1993	KRA

